TÁKN

LÍNUGERÐIR

TÁKNUN LAGNA Á TEIKNINGUM ER SAMKVÆMT ÍST 62:1991.

- SKOLPLÖGN
- REGNVATNSLÖGN
- DRENLÖGN
- HITAKERFI, FRAMRÁS
- HITAKERFI, BAKRÁS
- NEYSLUVATN, KALT
- NEYSLUVATN, HEITT

HREINLÆTISTÆKI OG BÚNAÐUR

BK	BAÐKER
EV	ELDHÚSVASKUR
GN	GÓLFNIÐURFALL
HL	HANDLAUG
SV	SKOLVASKUR
SB	STURTUBAÐ
VS	VATNSSALERNI
UV	UPPÞVOTTAVÉL
ÞV	ÞVOTTAVÉL
ÞS	ÞVAGSKÁL
SK	SLÖNGUKRANI
BS	BRUNASLANGA

LEGA LAGNA

PN	PÍPA FER NIÐUR
PU	PÍPA FER UPP
ÁV	Á VEGG
ÍE	Í EINANGRUN
ÍG	Í GÓLFRAUF
ÍV	Í VEGGRAUF
UG	UNDIR GÓLFI
UL	UNDIR LOFTI
UP	UNDIR PLÖTU
USP	UNDIR STIGAPALLI
VG	VIÐ GÓLF
UE	UNDIR EINANGRUN
OE	OFAN Á EINANGRUN

BRUNNAR OG NIÐURFÖLL

ARH	AFRENNSLI HITAVEITU
BR	BRUNNUR
BH	BOTNHÆÐ Í BRUNNI
LH	LOKHÆÐ Í BRUNNI
GN	GÓLFNIÐURFALL
NF	NIÐURFALL
SF	SANDFANG
ÞN	NIÐURFALL FRÁ ÞAKI
GNG	GÓLFNIÐURFALL MEÐ GEGNUMRENNSLI

HÆÐ Á TENGINGUM FYRIR MISMUNANDI HREINLÆTISTÆKI

TÆKI	NEYSLUVATN	FRÁRENNSLI
HANDLAUG	600mm	550mm
SALERNI	1000mm	0 / 250mm
ELDHÚSVASKUR	600mm	500mm
RÆSTIVASKUR	1100mm	500mm
STURTUBOTN	1100mm	0mm
BAÐKAR	700mm	0mm
ÞVOTTAVÉL	600mm	550mm
ÞVAGSKÁL	600mm	500mm
ÚTIKRANI	1000mm	0mm

LOKAR OG STJÓRNTÆKI



- STILLILOKI
- KÚLULOKI EÐA RENNILOKI
- EINSTREYMISLOKI
- HEMILL
- MÓTORLOKI, FJÖLSTÖÐU
- SÍA
- MAGNMÆLIR
- LOKI MEÐ SPINDLI UPP ÚR JÖRÐ
- MISMUNAÞRÝSTIJAFNARI
- MÓTÞRÝSTIJAFNARI
- HITA- OG ÞRÝSTINGSMÆLIR, SAMBYGGÐUR
- HITAMÆLIR
- ÞRÝSTINGSMÆLIR
- ÞRÝSTIMINNKARI
- LOFTPÚÐI
- LOFTSKILJA
- HRINGRÁSARDÆLA
- HANDDÆLA TIL ÁFYLLINGAR
- ÖRYGGISLOKI
- TENGING VIÐ FRÁRENNSLI
- VARMASKIPTIR
- ÞENSLUKER Á HRINGRÁS, STÆRÐ
- OFNLOKI MEÐ HITASTILLI Á BAKRÁS
- OFNLOKI MEÐ HITASTILLI Á FRAMRÁS
- KRANI, KALT NEYSLUVATN
- KRANI, HEITT NEYSLUVATN
- SLÖNGUKRANI, KALT NEYSLUVATN
- SLÖNGUKRANI, HEITT NEYSLUVATN
- BLÖNDUNARTÆKI, NEYSLUVATN
- FRÁVEITUBRUNNUR

SKÝRINGAR

FRÁVEITULAGNIR

FRÁVEITULAGNIR SKULU VERA Í SAMRÆMI VIÐ ÍST 68:2003. UM LAGNIRNAR SKAL GILDA EFTIRFARANDI, NEMA ANNAÐ KOMI FRAM Á TEIKNINGUM EÐA Í VERKLÝSINGU.

ALLAR LEIÐSLUR SKAL LEGGJA Í BEINNI LÍNU MEÐ JÖFNUM HALLA, OG ÞÆR SKULU HVÍLA Á BELGNUM Í ALLRI LENGD SINNI, EN EKKI Á MÚFFU. ALLAR STEFNUBREYTINGAR SKAL FRAMKVÆMA MEÐ FORMSTYKKJUM. STÚTUM Á HOLRÆSALÖGNUM SKAL LOKA MEÐ PLASTLOKUM. LOK ÞESSI SKULU EIGI FJARLÆGÐ FYRR EN STÚTAR HAFA VERIÐ TENGDIR VIÐ INNANHÚSSLÖGN EÐA TÆKI.

FRÁVEITULAGNIR Í JÖRÐ ERU ÚR STÍFU PVC PLASTI EÐA SAMBÆRILEGU, SETTAR SAMAN MEÐ MÚFFUTENGJUM. SAMSETNINGAR SKAL ÞÉTTA MEÐ GÚMMÍHRING.

FRÁVEITULAGNIR INNANHÚSS ER ÚR PP PLASTI EÐA SAMBÆRILEGU, SETTAR SAMAN MEÐ MÚFFUTENGJUM. SAMSETNINGAR SKAL ÞÉTTA MEÐ GÚMMÍHRINGJUM.

BRUNNAR Í FRÁVEITUKERFUM SKULU GERÐIR ÚR STEINSTEYPU EÐA PLASTI. BRUNNBOTN SKAL MÓTAÐUR ÞANNIG AÐ SEM MINNST MÓTSTAÐA VERÐI.

NEYSLUVATNSLAGNIR

NEYSLUVATNSLAGNIR SKULU VERA Í SAMRÆMI VIÐ ÍST 67:2003. UM LAGNIRNAR SKAL GILDA EFTIRFARANDI, NEMA ANNAÐ KOMI FRAM Á TEIKNINGUM EÐA Í VERKLÝSINGU.

NEYSLUVATNSLAGNIR UNDIR GÓLFPLÖTU SKULU VERA ÚR HITAÞOLNU PLASTI, PEX, PE-RT, PB EÐA SAMBÆRILEGU, Í HLÍFÐARBARKA. LAGNIR AÐ KÖLDUM TÖPPUNARSTAÐ SKAL LEGGJA UNDIR GÓLFEINANGRUN, LAGNIR AÐ HEITUM TÖPPUNARSTAÐ SKAL LEGGJA OFAN Á GÓLFEINANGRUN.

NEYSLUVATNSLAGNIR OFAN GÓLFPLÖTU SKULU VERA ÚR RYÐFRÍU STÁLI, PLASTHÚÐAÐAR MEÐ PRESSUÐUM SAMSETNINGUM, EÐA ÚR ÁLPLASTI MEÐ PRESSUÐUM SAMSETNINGUM. FESTINGAR LAGNA SKULU VERA Í SAMRÆMI VIÐ LEIÐBEININGAR FRAMLEIÐANDA.

VATNSLAGNIR SKAL ÞRÝSTIPRÓFA VIÐ 8 BARA ÞRÝSTING, OG SKAL HANN HALDAST ÓBREYTTUR Í SÓLARHRING.

HITALAGNIR

HITALAGNIR SKULU VERA Í SAMRÆMI VIÐ ÍST 67:2003. UM LAGNIRNAR SKAL GILDA EFTIRFARANDI, NEMA ANNAÐ KOMI FRAM Á TEIKNINGUM EÐA Í VERKLÝSINGU.

HITALAGNIR UNDIR GÓLFPLÖTU SKULU VERA ÚR HITAÞOLNU PLASTI MEÐ SÚREFNISKÁPU, PEX, PE-RT, PB EÐA SAMBÆRILEGT, Í HLÍFÐARBARKA. LAGNIR SKAL LEGGJA OFAN Á GÓLFEINANGRUN.

GÓLFHITALAGNIR SKULU VERA ÚR HITAÞOLNU PLASTI MEÐ SÚREFNISKÁPU, PEX, PE-RT, PB EÐA SAMBÆRILEGT. LAGNIRNAR SKAL FESTA Á JÁRNAGRIND Í GÓLFPLÖTU MEÐ PLASTBINDUM. GÓLFHITALAGNIR SKULU VERA ÁN SAMSETNINGA Í GÓLFUM. GÓLFHITALAGNIR SKAL ÞRÝSTIPRÓFA MEÐ LOFTI VIÐ 2 BÖR OG SKAL ÞRÝSTINGUR HALDAST ÓBREYTTUR Í SÓLARHRING. HAFA SKAL ÞRÝSTING Á LÖGNUM ÞEGAR GÓLF ER STEYPT.

HITALAGNIR OFAN GÓLFPLÖTU SKULU VERA ÚR SVÖRTU STÁLI, PLASTHÚÐAÐAR MEÐ PRESSUÐUM SAMSETNINGUM. FESTINGAR LAGNA SKULU VERA Í SAMRÆMI VIÐ LEIÐBEININGAR FRAMLEIÐANDA.

HITALAGNIR SKAL ÞRÝSTIPRÓFA VIÐ 8 BARA ÞRÝSTING, OG SKAL HANN HALDAST ÓBREYTTUR Í SÓLARHRING.

OFNAR SÉU ÚR LÖKKUÐU STÁLI, STÆRÐ OFNA SKAL MIÐA VIÐ HITASTIG Á VATNI, SEM GEFIÐ ER Á TEIKNINGUM. Á OFNUM SÉU OFNLOKAR AF VANDAÐRI GERÐ, MEÐ HITASTILLUM Á BAKRÁS EÐA FRAMRÁS EFTIR ÞVÍ SEM SAGT ER FYRIR UM. Á ÖLLUM OFNUM SÉ AUK ÞESS LOFTVENTILL OG STILLITÉ.

SNJÓBRÆÐSLULAGNIR

UM SNJÓBRÆÐSLULAGNIR SKAL GILDA EFTIRFARANDI, NEMA ANNAÐ KOMI FRAM Á TEIKNINGUM EÐA Í VERKLÝSINGU.

SNJÓBRÆÐSLULAGNIR SKULU VERA ÚR HITAÞOLNU PLASTI, PEM, PP-R, PB EÐA SAMBÆRILEGU. LAGNIR SKAL LEGGJA Í SANDLAG UNDIR HELLUR, EN FÍNMALAÐ JÖFNUNARLAG UNDIR MALBIK. SNJÓBRÆÐSLULAGNIR SKAL AÐ JAFNAÐI LEGGJA MEÐ 250 mm MILLIBILI, OG SKAL NOTAST VIÐ TIL ÞESS GERÐAR PLASTFESTINGAR VIÐ NIÐURLÖGN.

SNJÓBRÆÐSLULAGNIR SKAL ÞRÝSTIPRÓFA MEÐ LOFTI VIÐ 2 BARA ÞRÝSTING, OG SKAL HANN STANDA ÓBREYTTUR Í SÓLARHRING. HAFA SKAL ÞRÝSTING Á LÖGNUM ÞEGAR FYLLT ER YFIR ÞÆR.

Byggingarfulltrúi
21/7/20
Dalvíkurbyggðar
Reitur byggingarfulltrúa

Áritun hönnunarstjóra

STOÐ ehf
VERKFRÆÐISTOFA
Áritun hönnuðar / ábyrgðarmanns
Kt. 230785-4149

Verk: SANDSKEIÐ 26, DALVÍK			
Verkþáttur: Lagnir - Skýringar			
Unnið fyrir: Dalvíkurbyggð			Verknr. 788001
Hannað: Þórður Karl	Teiknað: ÞKG	Mælikvarði: -	Uppdráttur nr. P-100
Teikniskrá: 788001PM Sandskeið 26.dwg		Blaðstærð : A1	
Útgáfudagur: 3. júlí 2020	Breyting: Nr.. Dags.		Prentað: 3. júl. 2020